

HEIMSKRINGLA

THE VIKING PRESS, LTD.
105 and 106 BARGENT AVE., WINNIPEG.
Telephone: N-507

Varð hafað af 6.000 árgangnum hefur þetta fyrsta blað. Allar borgir og sveitir hafa nafn á blaðinu.

SIGFUS HALLDÓRS frá Höfnum
Ritstjóri.
HÁVARÐUR ELIASSON,
Ráðsmaður.

Útgefið af 6.000 árgangnum hefur þetta fyrsta blað. Allar borgir og sveitir hafa nafn á blaðinu.

The "Heimskringla" is printed and published by The Viking Press Ltd., 105-106 Bargent Ave., Winnipeg, Manitoba. Telephone: N-507

WINNIPEG, MAN., 26. MARZ, 1924.

Fimta ársþing Þjóðræknisfél. Íslendiga í Vesturheimi.

Þing þetta var sett og stóð í 3 daga í Goodtemplarhúsinu á Sargent Ave., í Winnipeg 26. febr. síðastliðinn kl. 2.30 e. h.

Forseti félagsins, séra Albert Kristjánsson þá þingheim að sýngja sálminn "Ó blessa guð vort feðrafrón", og hélt séra Friðrik Friðriksson frá Wynyard, því-næst stutta bæn.

Lýsti forseti því næst fund settann, og las upp þingboð það, er ritari hafði auglýst í blöðunum. Eftir því lá þá fyrir fundinum:

Skýrsla embættismanna, Viðaukar við grundvallarlögin, Lesbókarmálið, Söngfélags stofnun, Samvinna og sjóðstofnun, Stúdentagarðs málið, Útgáfa tímaritsins, Íslenzku kenslan, Útbreiðslumál, Ný mál, Kosningar embættismanna.

Var dagskrá þessi samþykkt, að því undanskildu, að embættismannakosning skyldi fara fram síðasta þingdag kl. 3 e. h.

Forseti flutti því næst skýrslu sína blaðalaust. Þakkaði hann ágæta samvinnu nefndarinnar yfirleitt. Kvað að eins eitt mál hafa orðið ágreiningsefni, en það var ráðning ritstjóra tímaritsins. Óskaði að það gerði allar ákvarðanir sínar framvegið svo úr garði, að ekki orkaði tvímælis. Taldi framtíðarhorfur glæsilegar, óhugur væri að hverfa, en góð hugi víða áberandi. Taldist til að 8—9 deildir væru starfandi en 2—3 lægju í dái. 500 dalir hefðu verið áætlaðir til útbreiðslukostnaðar, en eytt aðeins 150. Hefði leiðangur verið gerður út í tvo bygðarlög. Hinn fyrri til Nýja Íslands farinn af séra Jónasi Sigurðssyni og Ásmundi Jóhannssyni féhirði. Árangur, 130 nýir meðlimir. Hinn síðari farinn af forseta sjálfum til Vatnabygða í Saskatchewan og vann hann 65 nýja meðlimi og stofnaði deild í Poam Lake. Um kenslumál sagði hann, að laugardagsskóla og umferðakenslu nýtu um eða yfir 200 nemendur, kveldskóli væri tvisvar í viku í Selkirk og sérstök ísl. kensla fyrir unglinga og börn í Brown, Man., og líkt myndi vera annarsstaðar. Söngmálið kvað hann hafa strandað á samtaksleysi, þótt herra Jónas Pálsson hefði boðist til þess að sjóna flokk ókeypis. Tímaritið hefði annast séra Rögnv. Pétursson og væri fullprentað. Íslendissaga próf. Cjers-et væri komin út og hefði nefndin að vilja síðasta þing, ábyrgst 1000 eintök af bókinni er kostaði 4 dali. Kvað þurfa að endurprenta lög. Míntist samsetis er próf. Ág. H. Bjarnasyni og frá var haldið í fyrirasumar af féluginu, og því til sóma. Þá míntist hann á stúdentagarðsmálið og kvað samskot hafa gengið afar-tregt og væri þetta þó þjóðræknismál Vestur- sem Austur-Íslendinga.

Því næst var stungið upp á, og samþykkt að hver skýrsla skyldi afgreidd sérstaklega, og skýrsla forseta því næst samþykkt athugasemdalest.

Þá gaf ritari stutta skýrslu um gerðir nefndarinnar. Hefðu 12 fundir verið haldnir á árinu, í heimabúsum nefndarmanna og hefðu á þeim verið afgreidd mál félagsins, samkvæmt því er forseti hefði skýrt frá. Lýsti hann því næst yfir því, að hann gæti ekki setið þingið vegna forfalla, og þar er vararitari var ekki mættur var stungið upp á séra Friðrik Friðrikssyni til ritara og hann kosinn í einu hljóði.

Þá las féhirði Ásm. Jóhannsson prentaða skýrslu um fjárhag félagsins, og var henni útbýtt meðal þingmanna. Var hún samþykkt eins og hún lá fyrir. Þá var og borin upp og samþykkt tillaga um, að fundurinn greiddi féhirði þakkættisatkvæði fyrir frammúrskarandi dugnað í féhirðisstarfinu.

Þá las skjalavörður, Finnur Jónsson upp skýrslu sína yfir seldar bækur og óseldar á árinu. Kvað söluanga ganga dræmt og þetta væri eitt hio mesta vandamál félagsins. Var skýrslan að því búnu samþykkt.

Þá las fjármálaritari F. Swanson skýrslu sína. Höfðu 82 skuldað sig til féluginu, 10 sagt sig úr, einn dáið, 204 nýir meðlimir bæst við 1923, og nokkrir síðan og 762 meðlimir alls við árslok. Var þessi skýrsla síðan samþykkt.

Þá var lesin upp athugasemd yfirskoðunarmanns er fann lítið eitt að skýrslum fjármálaritara og féhirðis. Var kosin 3 manna nefnd til að athuga skýrslur þessa og aths. yfirskoðunarmanna og voru í þá nefnd kosnir séra Ragnar E. Kvaran, Þorsteinn Gíslason og Björn Pétursson.

Næsti liður: grundvallarlögaviðaukar var þá tekinn fyrir. Var stungið upp á 3. manna nefnd í það mál og kosnir Þorsteinn Gíslason, Fred. Swanson og Jónas Jóhannsson. Kom nefndin fram með álit sitt daginn eftir og lagði til að laga-breytingartillaga No. 2, væri bætt við 1. gr. 3. kafla grundvallarlögganna svo að sú grein hljóði þannig:

1. gr. "Félagsmenn eru heiðursfélagar, félagar — ættfélagar, og aukafélagar, þó hafa félagar og ættfélagar einir atkvæðis-orð á fundum."

2. gr. breyting þannig: "Heiðursfélagar skulu kosnir af þingi samkvæmt meðmæli félagsstjórnarinnar — séu þeir réttir félagar, eigi þeir atkvæðisrétt. Heiðursfélagar borga eigi tillög fremur en þeir sjálf-ir vilja. (Upphafssetningin "heiðursfélagar skal kjósa eftir verðleikum", falli burt).

3. gr. óbreytt.
4. gr. breyting — í staðinn fyrir "\$2.00 í félagsgjöld á ári hverju", komi "\$1.00 í félagsgjöld á ári hverju."

5. gr. hljóði þannig: "Ættfélagar geta þeir gerst er í eitt skifti fyrir öll greiða "\$25.00 í félagsgjöld".

6. gr. — 5. gr. óbreytt).

7. gr. hljóði þannig: "Heimadeild skal heimilt að kjósa fulltrúa einn eða fleiri á ársþing félagsins og fela þeim skriflegt umboð á atkvæðum allra gildra meðlima þeirrar deildar er í hlut á undirritað af forseta og ritara. Þeir meðlimir heimadeilda, er eigi eru fulltrúar hafi þó tillögurétt og málfrelsi á þinginu. Kosning fulltrúa fari fram að minsta kosti 2 vikum fyrir þing ár hvert.

Heimilt skal öllum þeim félögum er eigi eru meðlimir heimadeilda að gefa öðrum félögum umboð á atkvæði sínu til ársþings — með handskrift sinni".

8. gr. — (6. gr. óbreytt).
9. gr. — (7. gr. óbreytt).
10. gr. — (8. gr. óbreytt).
11. gr. — (9. gr. óbreytt).

Allmiklar umræður spunnust út af þessu nefndaráli. En svo fór að 1. gr. var samþykkt. 2. gr. samþykkt í fyrra og því vísað frá. 4. gr. sömuleiðis samþykkt í fyrra. 5. gr. um ættfélaga samþykkt með þeirri breytingu frá B. Péturssyni, að ættfíllag nemi aðeins 15 dólum. 5. gr. verið 6. gr. óbreytt. 7. gr. samþykkt tillaga um að skifta henni í tvo liði. Langar umræður um fyrri liðinn og samþykkt loks að vísa honum aftur til nefndarinnar. Daginn eftir, á fimtugdag, kom fram tvö álit frá nefndinni. Var minnihlutastilling feld: "Heimilt skal öllum atkvæðisbærum félögum að gefa öðrum félögum með handskrift sinni umboð á atkvæði sínu til ársþings". Meirihlutastilling var samþykkt, en hún hljóðar svo: "Vér leggjum til að þessu máli sé vísað til heimadeilda og þær beðnar að senda stjórnarnefndinni tillögur sínar mánuði fyrir ársþing", undir ritar N. S. Thorláksson, Th. Gíslason og J. Jóhannsson.

Næsti liður á dagskrá, lesbókarmálið, var í millþinganefnd. Séra R. Kvaran kvað nefndina ekkert umboð hafa haft til að vinna upp á eigin spýtur, og gerði að tillögu, að ef skipað sé hún á ný, þá

fái hún umboð til þess að gefa út lesbók á árinu. Stakk upp á 3. manna nefnd. Ásm. Jóhannsson var á móti umboði, þar til kostnaðaráætlun væri fengin, og hefði það verið nefndarinnar. Séra Rögnv. Pétursson áleit engum rekspól komandi á þetta mál fyrir en þingið kysi nefnd með fullu umboði að semja og gefa út bókina. Því næst var 3. manna nefnd kosin, að athuga málið og hlutu kosningu J. Th. Jónasson og séra Rögnvaldur Pétursson og séra Friðrik Friðriksson. Kom nefnd þessi fram með álit sitt síðasta þingdag. Lagði hún til að lesbók yrði gefin út í 1000 eintaka upplagi, er sé um 120 bls. í svo, samín fyrir ísl. unglinga í Vesturheimi með hlöðsjón af lesbókum alþýðuskóla ríkisins. Skuli þetta fallið 3. manna nefnd í samráði við framkvæmdaneft þjóðræknisfél. Ásm. Jóh. var á móti áli þessu, en með séra Guðm. Árnason er áælaði kostnað \$600.—og vel klefann. Loks var samþykkt að fela málið framkvæmdarnefndinni á hendur.

Þá var tekið fyrir söngfélagsmálið. Skýrði forseti það á ný. Sömuleiðis Ásm. Jóhannsson og kvað alt stranda á áhuga-leysi að ganga í söngflokkin. Séra R. Kvaran skýrði frá, að Páll Ísólfsson orgelleikari, myndi koma með sönglög með sér eða senda bráðlega að öðrum kosti. — Voru 3. menn kosnir í nefnd að athuga málið á þinginu og hlutu kosningu séra Ragnar Kvaran, Björgvin Guðmundsson og Ásmundur P. Jóhannsson. Kom nefnd sú fram með álit sitt næsta dags morgun. Taldi betri horfur en áður í þessu máli. Væri nú þegar stofnaður karlaflokkur undir stjórn hr. Björgvins Guðmundssonar. Væri fél síu er þjóðræknisfél. á og lætur prenta með hótur nú í höndum hans og notuð til afskrifta. Ætti framkvæmdarnefndin að fá 25—30 eintök af hverju lagi sem prentað er fyrir söngflokkin. Leggi nefndin til efni, en eintökin séu síðan eign félagsins. Var nefndarálit þetta samþykkt í einu hljóði.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir hinn fyrsta dag og fundi frestað frá kl. 6, til kl. 9.30 að morgni.

Kl. 8½ að kvöldinu var aftur komið saman í efri sal G. T. hússins. Flutti séra Ragnar Kvaran þar erindi er hann nefndi "Grimur" og birst hefir hér í blaðinu, og var honum að því loknu greitt þakkætti samkomunnar, með því að allir risu úr sætum sínum.

Ennfremur söng karlakór þar 3 lög eftir Björgvin Guðmundsson og aðra, en hann stýrði sjálfur. Gerðu menn góðan róm að því.

Annar þingfundur var settur kl. 10.59 fyrir hádeg, og komu þá fyrst fram sum nefndarálit þau er getið hefir verið um hér að framan og því næst tekið fyrir stúdentagarðsmálið. Skýrði Ásm. P. Jóhannsson hag málsins. Er innkomíð fé 260 krónur, og \$51.50. Var málið kett í nefnd og sátu hana séra R. E. Kvaran, séra Albert Kristjánsson og Ásm. P. Jóhannsson, og fundi því næst frestað til kl. 2. e. h. — Nefndin kom svo fram með álit sitt daginn eftir. Áleit lofsvert og sjálfsgat að styðja hugmyndina, en þyrfti miklu betur að vekja menn til skilnings um, að þetta væri ekki einungis einkamál Austur-Íslendinga. Lagði nefndin til að þingið skoraði á stjórnarnefndina að sjá um, að málinu sé haldið vakandi í blöðunum og áhuga manna haldið vakandi, ennfremur að nefndin skrifti öllum deildum félagsins um að veita málinu löðsinni og í 3. lagi, að nefndin sjái um að menn séu fengnir til þess að vekja eftirtekt á nauðsyn þessa máls við öll Íslendingadags-hátíðahöld, er haldin kynna að verða á komandi sumri. Var stungið upp á að samþykkja nefndarálið óbreytt. Samþykkt.

Fundur var settur aftur klukkan 2.20 e. h. Var þá sett 3. manna nefnd í að fjalla um útgáfu Tímaritsins og hlutu sæti Ásm. P. Jóhannsson, Stefán Einarsson og séra Guðm. Árnason. Þá var og sett 3. manna nefnd til að athuga íslenzku kensluna. Kosnir Ásm. P. Jóhannsson, Jón J. Blöfðell og séra Ragnar E. Kvaran.

Þá var samþykkt að útbreiðslumál séu faldin væntanlegri framkvæmdarnefnd.

Því næst voru tekin fyrir ný mál. — Sr. Guðm. Árnason benti á, að ekkert íslenzkt bókasafn væri til í Winnipeg, og spurði hvert ekki myndi gerlegt að koma upp bókasafni, þar sem hornsteininn væru dýrar bækur, nauðsynlegar til fróðleiks, er almenningur ekki hefði efni að kaupa. Urðu um þetta nokkrar umræður um með og móti og var 3. manna nefnd sett til að athuga málið til morguns. Kosnir voru séra Guðm. Árnason, Bjarni Magnússon og séra Rögnvaldur Pétursson.

Þá lýsti séra Rögnv. Pétursson því yfir fyrir hönd samvinnu-mannaskifta- og sjóðstofnunar nefndarinnar, að hennar starf væri orðið samgróðið stúdentagarðsmálinu. Lagði hann því næst fram skriflegt álit nefndarinnar. Áleit hún erfitt að stofna sjóð til styrktar vestur-ísl. nemendur við nám við háskóla Íslands. Vildi hún því leggja til að þjóðræknisfélagið styrki eindregið stúdentagarðsmálið, með því að koma upp íbúð fyrir nemendur héðan við háskólann á Íslandi, að þeim sé gert fært að fara og fullnuma sig í móðurmáli sínu, ef þeim líki.

Um önnur mannaskifti álfur nefndin að eigi sé að ræða í bili, en nemendaskifti, en mællir líka fastlega með að þau geti komist á hið bráðasta.

Þá kom enn nýtt mál, er séra R. Pétursson les upp bréf frá Mrs. Chiswell á Gimli, er ritara barst samdagurs, er fer fram á, að þjóðræknisfél. styrki viðleitni hennar í íslenzkukenslu í unglingastúkunnar á Gimli með peningaverðlaunum eða verðlaunapeningum. Bað ritari hann í fjarveru sinni, að geta þess, að þetta væri nauðsynl. að styrkja eigi aðeins á Gimli, heldur í öllum íslenzkum bygðarlögum. Var kosin 3. manna nefnd að í-huga málið, og kosnir séra Rögnvaldur Pétursson Jón J. Blöfðell og Arnþjórn Bårdal.

Þá var lesið bréf frá séra Jakob Kristjánssyni viðvíkjandi Eyjólf Jónssyni Eyfells. Kosnir í nefnd til þess að íhuga það mál þeir séra Friðrik Friðriksson, Ólafur Bjarnason og séra Guðmundur Árnason.

Séra Friðrik Friðriksson lagði þá fram skriflega tillögu um að þjóðræknisfélagið reyni að hlýna eitthvað að listgáfu Björgv. Guðmundssonar. Voru kosnir í nefnd til þess að íhuga það mál, Eiríkur Íseld, Friðrik Friðriksson og Thorst. Gíslason.


Þá benti forseti á æskilega samvinnu milli stúdenta- og þjóðræknisfélagsins og var samþykkt tillaga frá sr. G. Árnasyni um að framkvæmdarnefndinni sé falið að kynna sér möguleika á því — Kl. 6 var fundi frestað til næsta dags.

Að kvöldinu var samkoma haldin undir umsjón deildarinnar "Frón". Var þar kórsöngur, einsöngur, fíðluspil, ræður og upplestrar. Fór samkoman fram undir stjórn sr. Rúnólfs Marteinssonar og tókst hið bezt, sem lesa hefir mátt í blöðunum. Á eftir voru hinar rausnarlegustu veitingar og dans, til kl. 1½ um nóttina.

Á fimtugdagsmorgun var fundur settur aftur kl. 10 f. h. Komu þar fyrst fram ýms nefndarálit er getið hefir verið um að fram- og því næst álit nefndarinnar um skýrslu fjármálaritara og skjalavörðar.

Áleit nefndin nauðsynlegt, að úttega fullkomnari form, fyrir reikningsfærslu fjármálaritara. Væri enginn efi á því, að ör-ugleikarnir sem nú væru á reikningsfærslunni, færva vaxandi með ári hverju nema þetta væri lagað. Um athugasemdir yfirskoðunarmanna viðvíkjandi útistandandi tímaritum, áleit nefndin að stjórnarnefnd beri að vinda bráðan bug að því að innkalla þau, þar eð þekkt sé unnið við legu þeirra úti á landi. Nefndin treysti sér ekki vegna tímáleysis, að bera fram sjálfstæðar tillögur um meðhöndlur á útsölu ritins. — Var tillaga um að samþykkja nefndarálið og samþykkt.

Þá kom tímaritsnefndin fram með álit sitt og talaði Ásm. P. Jóhannsson fyrir því. Leit nefndin svo á að ritið væri mjög sterkur þáttur í þjóðarinnar baráttunni hér og leggur til, að tímaritið sé gefið út, sem árs-rit á komandi ári, að stjórnarnefnd þjóðræknisfélagsins sé falið að sjá um útgáfu ritins.



Dodd's nýrnapillur eru besta náfræmdeilið. Lækna- og gríð bakverk, hjartabilun, þvagteppa og önnur veikindi, sem stafa frá nýrum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c askjan eða 6 öskjur fyrir \$2.50, og fást hjá öllum lyfshúsum eða frá The Dodd's Medicine Co., Ltd., Toronto, Ont.

kostnað og ritstjórn, og að verð ritsins sé einn dalur á ári, sem að undarfornu.

Tillaga kom, um að nefndarálitið sé tekið fyrir hið fyrir lið, og hún samþykkt. Breytingartillaga frá sr. Ragnar E. Kvaran kom og fram og var fundi því næst frestað til kl. 1.30. Var þá komið aftur saman og 1. liður borinn upp og samþykkt. Breytingartillaga séra Ragnars E. Kvarans kom og fram, að þingið feli stjórnarnefndinni, að fá sr. Rögnvald Pétursson til að taka að sér ritstjórn tímaritsins, sem að undanförnu með sömu kjörum. Bj. Finnsson gerði breytingartillögu við breytingartillögu sr. Kvarans. Voru tillögurnar ræddar af miklu kappi, og allmiklum hita, unz breytingartillaga Bj. Finnssonar var borin upp og feld. Því næst var breytingartillaga sr. Ragnars Kvaran borin upp og samþykkt, og alt áliði því næst samþykkt, með áörðum breytingum og séra Rögnvaldi Péturssyni þar með faldin ritstjórn tímaritsins fyrir næsta ár.

Því næst hófust embættismannakosningar. Stungið upp á sr. Albert Kristjánssyni og sr. Jónasi A. Sigurðssyni, en sú tillaga tekin aftur, þar eð hann ekki var viðstaddur; séra Albert því kosinn gagnsóknarlaus. Fyrir varaforseta var stungið upp á Gísla Jónssyni og Jóni Blöfðell. Hinn síðarnefndi afsakaði sig og Gíslí Jónsson því kosinn gagnsóknarlaus. Til ritara var stungið upp á Hannesi Péturssyni, Arnþjóti Ólson, séra R. E. Kvaran, Einari P. Jónssyni og Sigfúsi Halldórs frá Höfnum. Afsök-ðu sig allir, nema sá síðast-nefndi og var hann því kosinn gagnsóknarlaus. Til varaskrifara var stungið upp á sr. Fr. Friðrikssyni, Ragnari Stefánssyni, Trausta Íseld, og P. S. Pálssyni. Hinn síðastnefndi afsakaði sig og fóru fram kosningar um hina 3 og hlaut R. Stefánsson kosningu.

Til féhirðis var stungið upp á fyrverandi féhirði Ásm. P. Jóhannssyni. Afsakaði hann sig og var ófánlegur þrátt fyrir ítrekaðar bænir og áskoran-ir alls þingheims og einstakra manna. Var þá smátt og smátt stungið upp á nálega öllum kjörgengum karlmönnum í saln um, því allir skoruðust undan að taka kosningu, unz tillaga var samþykkt um að fresta kosningum er eftir voru til kvölds, eftir fyrirlestur sr. Guðm. Árnasonar.

Því næst kom fyrir fundinn álit bókasafnsnefndarinnar. Áleit nefndin að veita bæri framkvæmdarnefnd þjóðræknisfélagsins leyfi að verja alt að \$200.00 á árinu til þess að koma upp íslenzkum bókasafnsvísi í Winnipeg. Ennfremur að deildin "Frón" sé faldin stofnun og varðveizla þessa safns, sjái fram kvæmdarnefndin sér fært að veita slíka upphæð, og taki deildin sömuleiðis til flugunar